

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, mánudaginn 21. maí 2007, í máli nr. E-1462/2005:

Heildarmálun ehf.

(Bjarni Hauksson hdl.)

gegn

Kristni Bernburg Ragnarssyni

(Ólafur Garðarsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 27. mars sl., að loknum munnlegum málflutningi, var höfðað fyrir dómþinginu af Heildarmálun ehf., Lómasölum 12, Kópavogi, á hendur Kristni Bernburg Ragnarssyni, Austurgerði 10, Reykjavík, með stefnu áritaðri um birtingu 17. febrúar 2005.

Dómkröfur stefnanda voru þær, að stefndi yrði dæmdur til að greiða stefnanda 1.085.018 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001, frá 21. ágúst 2004 til greiðsludags. Þá krafðist stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krafðist aðallega sýknu af öllum dómkröfum stefnanda og að stefnanda yrði gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu að viðbættum virðisaukaskatti, en til vara að dómkröfur stefnanda yrðu stórlega lækkaðar og að málskostnaður yrði látinn niður falla.

Dómur féll í héraði í máli þessu 16. desember 2005. Með dómi Hæstaréttar 12. október 2006 var dómur héraðsdóms ómerktur og málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsálagningar að nýjum, sbr. f. lið 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

II

Stefnandi er einkahlutafélag og er forsvarsmaður þess Davíð Þór Bjarnason, málari að atvinnu. Samkvæmt framburði aðila fyrir dómi tók Davíð Þór Bjarnason

að sér að mála húsið Bleikargróf 15 í Reykjavík og málaði hann húsið ásamt starfsmanni sínum.

Stefndi hefur lýst málavöxtum svo, að með kaupsamningi, dags. 19. júlí 2001, hafi Á.Á. fjárfestingar ehf. keypt fasteignina Bleikargróf 15, Reykjavík, en félagið hafi þá heitið Eignaumboðið ehf. Stefndi sé stjórnarmaður og framkvæmdastjóri þess félags. Tilgangur félagsins sé rekstur eignarhaldsfélaga og kaup og sala fasteigna. Á þessum tíma hafi stefndi einnig verið stjórnarmaður og framkvæmdastjóri Eignasels ehf., en tilgangur þess félags sé leiga á atvinnuhúsnæði. Það hafi verið í ágúst eða september 2001 sem forsvarsmáður stefnanda, Davíð Þór Bjarnason, hafi verið fenginn til þess persónulega af hálfu Eignasels ehf. að taka að sér málningarvinnu á ytra byrði hússins nr. 15 við Bleikargróf í Reykjavík. Um munnlegan samning hafi verið að ræða á þá leið að Davíð Þór skyldi vinna verkið í hjáverkum og fengi fyrir það greitt 300.000 krónur fyrir vinnu, en Eignasel myndi greiða efniskostnað. Nánar tiltekið hafi verkið lotið að málningarsprautun á þaki og hluta klæðningar utan á húsið fyrir utan bílskúr. Hafi Eignasel tekið út vörur hinn 20. ágúst 2001 vegna þessa verks, samkvæmt fyrirmælum frá Davíð Þór. Þá hafi Davíð verið veitt heimild til vöruúttektar vegna þessa verks hjá Slippfélaginu í nafni Eignasels hinn 28. ágúst 2001. Hafi honum ekki verið veitt heimild til annarra úttekta. Eftir að Davíð hafi lokið verkinu, að því er stefnda minnir um miðjan október 2001, hafi komið í ljós að hann hefði tekið út mun meira af efni í nafni Eignasels en þurft hafi til að mála klæðningu og þak hússins. Kveðst stefndi, í nafni Eignasels, hafa krafist Davíð um skýringar, en hann ekki getað gert grein fyrir úttektum sínum. Hafi stefndi ekki heyrt meira frá Davíð í kjölfarið og ekki hafi Eignaseli borist reikningur vegna þessarar vinnu.

Stefndi kveður Eignaumboðið ehf. hafa selt fasteignina Bleikargróf 15 í Reykjavík þann 26. mars 2002 og sé sérstaklega tilgreint í kaupsamningi að kaupandi hafi kynnt sér ástand eignarinnar og geri sér grein fyrir að hún þarfnaðist viðhalds.

Reikningur vegna umræddrar vinnu barst stefnda í lok júlí 2004.

Lögmaður stefnanda sendi stefnda innheimtubréf, dagsett 15. september 2004. Lögmaður stefnda mótmælti kröfunni með bréfi dags. 11. október 2004.

III

Stefnandi byggir kröfur sínar á reikningi útgefnum 21. júlí 2004 með gjalddaga 21. ágúst 2004, að fjárhæð 1.139.268 krónur, vegna kaupa stefnda á þjónustu stefnanda. Reikningurinn sé vegna 312 tíma vinnu á 2.600 krónur á klukkustund. Stefnandi kveður stefnda hafa beðið um þjónustuna. Reikningurinn beri með sér að innheimt sé fyrir leigu á lyftu sem nota hafi þurfti vegna verksins og vegna kaupa á bensíni á háþrýstidælu sem stefnandi hafi lagt út fyrir vegna stefnda. Stefnandi kveðst hafa talið sig hafa heimild, við útgáfu reikningsins, til að innheimta 90 daga

vexti með reikningi, þar sem nokkuð var um liðið frá verklokum og þar til reikningur var gefinn út. Vegna þessa sé heildarfjárhæð reiknings 1.139.268 krónur. Hins vegar sé stefnufjárhæð lægri, þar sem ekki sé stefnt vegna þessara vaxta sem tilgreindir eru á reikningi. Stefnandi kveður stefnda í engu hafa mótmælt því að vinna þessi hafi farið fram eða gert athugasemdir við verkið. Lögmaður stefnda benti í bréfi, dags. 11. október sl., á að ekki hafi verið samið við stefnanda um að vinna verkið en öll starfsemi forsvarsmanns stefnanda á þessum tíma fór fram á vegum stefnanda.

Stefnandi kveður stefnda engan vilja hafa sýnt til að greiða skuld sína þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir stefnanda til að innheimta skuldina.

Um lagarök vísar stefnandi til almennra reglna samninga- og kröfuréttar, sbr. 5. gr., 6. gr. og 28. gr. laga nr. 39/1922.

Kröfu um dráttarvexti byggir stefnandi á III. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Kröfu um málskostnað byggir stefnandi á 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

III

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að hann hafi aldrei óskað eftir vinnu stefnanda og beri því að sýkna hann vegna aðildarskorts. Verkkaupi vegna málningarvinnu hafi verið fyrirtækið Eignasel ehf. sem stefndi hafi á þeim tíma sem verkið var unnið verið í fyrirsvari fyrir. Stefndi byggir og á því að stefnandi hafi aldrei verið í neinu samningssambandi við stefnda, verktaki hafi frá upphafi verið Davíð Þór Bjarnason persónulega. Í stefnu sé með engum hætti getið um með hvaða hætti stefnandi hafi orðið aðili að verksamningi og eignast kröfu á hendur stefnda. Beri því einnig af þeirri ástæðu að sýkna stefnda vegna aðildarskorts. Byggir stefndi á því að á stefnanda hvíli sönnunarbyrði fyrir því að á milli aðila máls þessa hafi komist á samningur sem stefnandi heldur fram og geti byggt rétt sinn á og sé sú sönnunarbyrði þyngri en ella þar sem í málinu liggi frammi gögn sem sanna eða gera mjög sennilegt að munnlegur verksamningur hafi verið á milli Davíðs Þórs Bjarnasonar persónulega og Eignasels ehf.

Sýknukrafa stefnda er í þriðja lagi á því byggð, verði ekki talið að aðildarskortur sé fyrir hendi, að stefnandi hafi sýnt af sér óafsakanlegt tómlæti við innheimtu kröfu sinnar. Tæplega þrjú ár hafi liðið frá því að stefnandi vann verkið þar til útgefinn hafi verið ódagsettur reikningur vegna þess. Þessi dráttur á því að stefnandi héldi til haga hugsanlegum rétti sínum sé óútskýrður og verði ekki réttlættur. Hafi stefndi með engu móti mátt reikna með að stefnandi héldi uppi kröfu á hendur honum persónulega eftir svo langan tíma.

Varakrafa stefnda er á því byggð, að með reikningi stefnanda sé verið að innheimta til mikilla muna of mikla vinnu miðað við umfang og eðli verksins.

Krafa stefnanda sé ósanngjörn, hún sé ósundurliðuð og með öllu vanreifuð og órókstudd, en engin tímaskráning fylgi framlögðum reikningi eða upplýsingar um hversu margir starfsmenn stefnanda hafi komið að verkinu. Þá liggi ekkert fyrir um meintan útlagðan kostnað stefnanda vegna lyftu. Er skorað á stefnanda að leggja fram vinnuskýrslur og reikning vegna útlagðs kostnaðar. Benda verði á í þessu sambandi að uppgefinn tímafjöldi á reikningi, 312 klst., geri ráð fyrir vinnu við að mála hús í alls 39 daga ef gert sé ráð fyrir vinnu í 8 klst. á dag og að einn maður hafi unnið verkið. Þá byggir stefndi á því að gallar hafi verið á verkinu sem stefnandi beri bótaábyrgð á en eftir að því var lokið hafi komið í ljós að sprautað hafði verið yfir fúna klæðningu með þeim afleiðingum að hún hafi farið að flagna af. Hafi þurft að fá annan aðila til að ráða bót á verkinu.

Stefndi mótmælir dráttarvaxtakröfu stefnanda sérstaklega með vísan til ákvæða laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Um lagarök vísar stefndi til 16. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Einnig vísar stefndi til reglna kröfu- og verktakaréttar, almennra reglna kröfuréttar, sbr. lög um lausafjárkaup nr. 50/2000 og laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Þá vísar stefndi til almennra reglna samningaréttarins, sbr. laga nr. 7/1936.

Kröfu um málskostnað byggir stefndi á 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

V

Í máli þessu krefur stefnandi stefnda um greiðslu fyrir vinnu við að mála húsið Bleikargróf 15 í Reykjavík. Óumdeilt er að forsvarsmaður stefnanda vann þetta verk, en stefndi byggir á því að hann hafi ekki persónulega beðið um verkið heldur hafi hann gert það í nafni einkahlutafélagsins Eignasels, sem hann hafi verið í fyrirsvari fyrir og hafi verið umsamið að fyrir verkið skyldi greiða 300.000 krónur. Stefndi heldur því og fram, að um aðildarskort hjá stefnda sé að ræða. Byggir hann á því, að félag með nafni stefnda og tilgangi hans hafi ekki orðið til fyrr en á árinu 2004. Félagið geti því ekki hafa verið aðili að verksamningi um málun fasteignarinnar Bleikargróf 15 á árinu 2001, en stefndi krefjist greiðslu á grundvelli hans.

Eins og að framan greinir er krafa stefnanda um greiðslu fyrir að mála húsið Bleikargróf 15, Reykjavík síðsumar árið 2001. Reikningur fyrir verkið var gefinn út af stefnanda 21. júlí 2004. Fyrir liggur að Davíð Þór Bjarnason stofnaði stefnanda, Heildarmálun ehf., um málningarstarfsemi sína, eftir að umdeild málningarvinna var unnin og gaf það fyrirtæki út umþrættan reikning og annaðist innheimtu hans. Einnig liggur fyrir að stjórnarmaður og prókúruhafi stefnanda, sem er einkahlutafélag, er Davíð Þór Bjarnason, sá er stefndi samdi við og vann hann verkið. Þó svo ekki liggi fyrir skrifleg yfirlýsing Davíðs Þórs Bjarnasonar til einkahlutafélags síns, þar sem krafan er beinlínis framseld félaginu, verður að telja, eins og mál þetta liggur fyrir, að reikningurinn hafi verið gefinn út í nafni

stefnanda, með vitund og vilja Davíðs Þórs Bjarnasonar. Hafi stefnandi ekki frá öndverðu verið viðsejandi stefnda, þykir því, hvað sem öðru líður, mega líta svo á , að við útgáfu reikningsins hafi Davíð Þór Bjarnason, framselt stefnanda þau réttindi, sem reikningurinn var gerður fyrir, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands nr. 277/1996, bls. 65 og einnig að nokkru dóm Hæstaréttar Íslands frá 10. maí sl. í málinu nr. 588/2006. Af þessum ástæðum er hafnað kröfu stefnda um sýknu vegna aðildarskorts.

Samkvæmt framburði aðila fyrir dómi var það stefndi sem bað stefnanda um að mála húsið. Kvað stefnandi húsið hafa verið mjög illa farið og hafi þurft að háþrýstipvo það og gera við miklar skemmdir, grunna það og mála. Einnig hafi hann grunnað og málað þak hússins, sem og bílskúr og einnig planið. Heldur stefnandi því fram að ekki hafi verið samið um greiðslu fyrir verkið, en efni skyldi tekið út á reikning stefnda hjá Slippfélaginu. Þá kom fram hjá stefnanda að hann hefði í langan tíma reynt að fá greitt fyrir vinnu sína hjá stefnda, en stefndi ætíð borið einhverju við, svo sem að efniskaup hans væru of mikil.

Samkvæmt framburði stefnda fyrir dómi þá sá Eignasel ehf. um framkvæmd við húsið og hafi stefnandi tekið út efni hjá Slippfélaginu á nafni þess félags. Stefndi kvaðst aldrei hafa verið eigandi að Bleikargróf 15. Aðspurður kvað hann stefnanda tvívegis hafa haft samband við sig eftir að verkinu lauk á árinu 2001 og 2002. Stefndi kvaðst hins vegar hafa verið mjög ósáttur við bæði vinnu hans og efnisúttekt. Hins vegar hafi honum fyrst borist reikningur vegna verksins þremur árum eftir að því lauk, sem ekki hafi verið í neinu samræmi við það sem samið hafi verið um og hafi hann verið búinn að áætla að greiða um 300 þúsund krónur fyrir verkið.

Eins og fram hefur komið var ekki gerður skriflegur samningur um umrædda vinnu stefnanda. Þá liggur fyrir að stefndi bað stefnanda um að framkvæma vinnuna. Þegar framangreint er virt verður að byggja á því að stefndi hafi persónulega beðið um að stefnandi ynni fyrir hann umrædda vinnu við húsið Bleikargróf 15 í Reykjavík, enda hefur stefndi ekki sýnt fram á að hann hafi gert það í nafni einkahlutafélags. Gegn andmælum stefnanda er alls ósönnuð sú fullyrðing stefnda að samið hafi verið um ákveðið verð fyrir vinnuna. Ljóst er að langur tími er liðinn frá því að umrætt verk var unnið. Hins vegar er fram komið að fyrirvarsmaður stefnandi hefur á þeim tíma ítrekað reynt að fá greitt fyrir vinnu sína án árangurs. Hefur stefndi, sem þó kveðst hafa verið í fyrirsvari fyrir það félag sem átt hafi að greiða fyrir vinnuna, að hans sögn 300.000 krónur, á engan hátt skýrt það af hverju ekki var greitt. Í ljósi þess og þegar atvik málsins eru virt þykir stefnandi ekki hafa fyrirgert rétti sínum til að krefja stefnda um greiðslu fyrir vinnuna.

Með vísan til alls framanritaðs ber því að fallast á kröfu stefnanda eins og hún er fram sett, enda hefur ekki verið sýnt fram á að umkrafin fjárhæð sé ósanngjörn.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 200.000 krónur.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

DÓMSORÐ:

Stefndi, Kristinn Bernburg Ragnarsson, greiði stefnanda, Heildarmálun ehf., 1.085.018 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 21. ágúst 2004 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 200.000 krónur í málskostnað.

Hervör Þorvaldsdóttir